



23. janúar 2020

Til eigenda frístundahúsa í Bláskógabyggð

Úrgangsmál

Á næstu vikum verða breytingar á fyrirkomulagi sorpmála í Bláskógabyggð og verður hér farið yfir þær breytingar sem snúa að sorpmálum frístundahúsa.

Þann 1. febrúar 2020 hefst gjaldtaka á gámasvæðum Bláskógabyggðar á Laugarvatni, í Reykholti og við Heiðarbæ fyrir gjaldskyldan úrgang. Fellur þar m.a. undir ómálað timbur, málað timbur og grófur úrgangur. Gjald fyrir hvern rúmmetra er 5.500.- kr.

Eigendur frístundahúsa geta áfram skilað flokkuðum heimilisúrgangi á gámasvæðin, án gjaldtöku. Vinsamlega athugið að heimilisúrgang skal flokka í fjóra flokka þ.e. í lífrænan úrgang, plast, pappír og annan úrgang. Lífræni úrgangurinn má ekki vera í plastpokum heldur skal hann vera í pokum úr pappír eða maíspokum sem jarðgerast með lífræna úrganginum. Flokkunarleiðbeiningar fyrir heimilisúrgang má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.blaskogabyggd.is, bæði á ensku og á íslensku.

Sorpeyðingargjald verður lagt á frístundahúsnæði fyrir árið 2020, líkt og verið hefur, og verður gjaldið kr. 20.369. Greiðendur sorpeyðingargjalds fyrir frístundahúsnæði fá klippikort til að nota á gámasvæðum sveitarfélagsins. Hér meðfylgjandi er klippikort fyrir 4,5 rúmmetrum sem eigendur frístundahúsa geta notað á árinu 2020 þegar þeir losa sig við gjaldskyldan úrgang á gámasvæðum sveitarfélagsins. Þegar inneign á klippikortinu klárast er rukkað samkvæmt gjaldskrá. Kortið fellur úr gildi 31. desember 2020.

Úrgangur sem skilað er á gámasvæði skal vera flokkaður. Ef ekki er flokkað og erfitt er að sjá hverju er verið að henda, verður innheimt gjald eða tekið af klippikortinu fyrir öllum úrganginum. Tekið er við eftirfarandi flokkum úrgangs á gámasvæðum sveitarfélagsins:

Gjaldfrjáls úrgangur frá heimilishaldi:

- Almennur heimilisúrgangur
- Lífrænn heimilisúrgangur
- Pappi, pappír
- Plast
- Raftæki
- Hjólbarðar
- Rafgeymar, rafhlöður
- Fatnaður og klæði
- Heyrúlluplast
- Járn, málmar
- Spilliefni, olíusúr og málning
- Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir (söfnunarkassar frá Grænum skátum).

Gjaldskyldur úrgangur:

- Timbur, hreint og ómálað
- Timbur, málað, gagnvarið



- Grófur úrgangur (t.d. húsgögn, dýnur, óflokkaður úrgangur)
- Garðaúrgangur
- Grjót, múrbrot og jarðvegur, gifs, flísar, postulín
- Dýrahæ

Uppgröft frá jarðvegsframkvæmdum, m.a. húsgrunnum, skal afsetja á sérstökum svæðum fyrir losun slíks úrgangs. Hafa skal samband við Bláskógabyggð í síma 480 3000 áður en slíkur uppgröftur er fluttur á losunarstað.

Vakni spurningar vegna þessara breytinga má beina þeim í síma 480 3000 eða á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is.

Úr gjaldskrá fyrir gámasvæði Bláskógabyggðar:

Flokkur	Gjaldskylt frá heimilum og frístundahúsum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum)
Almennur heimilisúrgangur	nei	já
Pappi og pappír	nei	já
Lífrænn heimilisúrgangur	nei	já
Pastumbúðir og annað plast	nei	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei
Málmur	nei	já
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki	nei	nei
Raflöður, rafgeymar	nei	nei
Fatnaður og klæði	nei	já
Heyrúlluplast	nei	nei
Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir	nei	nei
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Timbur, ómálað	já	já
Timbur, málað	já	já
Garðaúrgangur, greinar, gras	já	já
Grjót, múrbrot og jarðvegur	já	já
Gifspötur, flísar og postulín	já	já
Dýrahæ	já	já

F.h. Bláskógabyggðar
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri